

Ísfélag hf. - FES
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

9. júlí 2025
UOS2501483/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22. maí 2025 – ID 86

Þann 22. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Ísfélag hf. - FES. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Fullnægjandi niðurstöðum mælinga á frárennslisvatni var ekki skilað fyrir 1. maí 2023 og þ.a.l. er ekki hægt að staðfesta að frárennslisvatnið standist þær kröfur sem gerðar eru.

Verklagi rekstraraðila hefur verið breytt og er frávikinu því lokað.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Skrá sem rekstraraðili skal halda yfir olúgeyma sína, er ófullnægjandi.
2. Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 báust eftirlitsaðila þann 22. maí 2025 en frestur til að skila þeim rann út þann 1. maí.
Frávikinu er lokað.
3. Í sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 25.-26. október 2024 var styrkur COD talsvert yfir heimiluðum mörkum.
4. Í sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 18.-19. apríl 2025 var styrkur svifagna yfir heimiluðum mörkum

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. ágúst 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri, teymi eftirlits